

Reglur Norðurþings um frístund fyrir fötluð börn og ungmenni

1. kafli

Lagagrundvöllur, skilgreining, markmið, skipulag og megináherslur

1.gr.

Lagagrundvöllur

Með frístundaþjónustu í reglum þessum er átt við framkvæmd frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni frá 10-18 ára, samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þessi þjónusta tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla sbr. 33. gr. grunnskólalaga nr. 91/2018, og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla.

2.gr.

Markmið

Markmiðið er að fötluð börn og ungmenni á grunn- og framhaldsskólaaldri eigi kost á frístundaþjónustu yfir daginn meðan skóli er starfandi, í skólafríum og á próftímum þegar hefðbundnir skóladagar eru stuttir. Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni skal vera samþætt, almennri frístundaþjónustu fyrir börn og ungmenni á sama aldri, þegar því verður viðkomið. Tryggja skal samfellda þjónustu yfir daginn og vinna gegn félagslegri einangrun fatlaðra barna og ungmenna. Þjóða skal upp á innihaldsrikt frístunda- og tómstundastarf í öruggu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali með það að markmiði að efla félagsfærni og sjálfstæði.

3.gr.

Réttur til þjónustu

Forsenda fyrir því að geta sótt um frístundaúrræði skv. reglum þessum er að barn eða ungmenni eigi lögheimili í Norðurþingi, sem og fullnægðum frekari skilyrðum sem fram koma í 8. og 9. gr.

Hægt er að sækja um undanþágur frá þessum greinum.

4.gr.

Skilgreining og megináherslur frístundar

Sveitarfélagi er skylt skv. 16. gr. laga nr. 38/2018 að bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur. Einnig eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Þessi þjónusta tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla.

Þjónustan skal vera einstaklingsmiðuð og á því formi sem best hentar viðkomandi. Veita skal þjónustu vegna fötlunar samhliða almennum frístundatilboðum, eins og mögulegt er. Þessi þjónusta skal taka mið af metnum stuðningsþörfum skv. 31. gr. laga nr. 38/2018 og vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barns eða ungmennis skv. 12. gr. laga nr. 38/2018.

5. gr.

Skipulag þjónustu.

Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni, ákveða skipulag starfseminnar og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir notenda að leiðarljósi. Tekið skal mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins til að aðlaga starfið að þörfum hvers og eins.

6. gr.

Heimild til ákvarðanatöku, yfirumsón, ábyrgð og stjórn

Starfmenn Félagsþjónustu Norðurþings taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði Fjölskylduráðs.

Félagsmálastjóri hefur yfirumsjón með stuðningsþjónustu. Forstöðumenn stuðningsþjónustu hafa faglega ábyrgð á þjónustunni og annast daglega framkvæmd þjónustunnar samkvæmt reglum þessum.

Fjölskylduráð Norðurþings fer með stjórn þjónustu skv. reglum þessum.

II.kafli

Umsóknarferli

7. gr.

Þjónustuteymi.

Norðurþing hefur myndað þverfaglegt þjónustuteymi skv. 12. gr. laga nr. 38/2018. Teymið ber nafnið Keldan, hún hefur það hlutverk að útfæra þjónustu við börn og ungmenni, hafa samráð um þjónustuna, m.a. við þann aðila sem sér um frístundaþjónustuna og tryggja samfellu og gæði hennar.

8. gr.

Mat á þjónustuþörf.

Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni skal byggjast á metnum stuðningsþörfum fatlaðra barna og ungmenna og skal þjónustan vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barns eða ungmennis. Mat á stuðningsþörf skal vera unnin í samvinnu við ungmenni eða barn og forsjáraðila enda sé slíkt mat skilgreint sem hluti af skilvirku notendasamráði. Unnið skal að því að fötluð börn og ungmenni í frístundaþjónustu fái heildstæða og samþætta þjónustu eða aðstoð.

9. gr.

Þjónustutími.

Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni tekur við tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla. Þjónustan skal veitt eftir að reglubundnum skóladegi lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Lögbundnir frídagar eru helgidagar þjóðkirkjunnar, sbr. lög nr. 32/1997,2 og aðrir lögbundnir frídagar sbr. lög 88/1971.3

Við gerð einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar viðkomandi barns eða ungmennis skal taka

mið af skertum skóladögum í skóladagatali viðkomandi skóla og áætlun gerð um aukna þjónustu með tilliti til þess. Í þjónustuáætlun skal einnig gera ráð fyrir sumarleyfum fjölskyldu á orlofstíma, sbr. lög nr. 30/1987, um orlof. Þegar um er að ræða miklar stuðnings- og umönnunarþarfir þarf að huga sérstaklega að orlofstímanum í einstaklingsbundnu þjónustuáætluninni til að ekki verði rof á þjónustu.

10. gr.

Húsnæði frístundar

Frístund fyrir 1.- 4. bekk er staðsett í Borgarhólsskóla – frístund án aðgreiningar
Frístund 5.- 10. bekkur er staðsett í Orkuhúsinu
Frístund 16 ára og eldri er staðsett í Miðjunni

11. gr.

Gagnaöflun vegna umsóknar um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni.

Í reglum sveitarfélags skal kveðið á um hvort og þá hvaða gagna er krafist með umsókn um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni og skal öflun þeirra vera unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda.

12. gr.

Svör við umsókn.

Umsækjandi skal fá skriflegt svar við umsókn um frístundaþjónustu þar sem einnig kemur fram mat á stuðningsþörf sbr. 5. gr. leiðbeininga þessara. Ákvörðun um að veita þjónustu skal taka svo fljótt sem kostur er. Sé ekki unnt að hefja stuðning strax og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær þjónustan verði veitt. Ef fyrirséð er að samþykkt þjónusta geti ekki hafist innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal leiðbeina umsækjanda um önnur úrræði á biðtíma.

13. gr.

Samstarf og samhæfing.

Gert skal ráð fyrir því að þau börn og ungmenni sem njóta frístundaþjónustu skv. reglum þessum séu með einstaklingsbundna þjónustuáætlun sem gerð er skv. 12. og 19. gr. laga nr. 38/2018. Til að tryggja samfellu í frístundaþjónustu skal leggja áherslu á samstarf félagsheilbrigðis- mennta- og frístundamála við gerð og framkvæmd þjónustuáætlunar, og eftir atvikum að þverfaglegt þjónustuteymi sé sett á laggirnar sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 38/2018.

14. gr.

Gjaldtaka.

Gjaldskrá frístundar er endurskoðuð einu sinni á ári og tekur sveitarstjórn ákvörðun um breytingar á henni.

Frístund barna og ungmenna 10-18 ára.

| | |
|--|------------|
| Fullt pláss | 22.487 kr. |
| Hálft pláss (*allt að 3 dagar í viku) | 12.927 kr. |
| Einstæðir – fullt pláss | 17.549 kr. |
| Einstæðir – Hálft pláss (*allt að 3 dagar í viku) | 10.088 kr. |
| Systkina afsláttur: | |

50% fyrir annað barn
100% fyrir þriðja barn

Innifalið í mánaðargjaldi er matarkostnaður

Samþykkt í Sveitarstjórn 01.12.2020

Gjöld eru greidd eftir á og er gjalddagi frístundar í byrjun hvers mánaðar og eindagi 25 dögum síðar.

Ef um þriggja mánaða skuld eða eldri er að ræða skoðast það sem uppsögn á frístund.

Veikindi: Geti barn ekki sótt frístund vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af dvalargjaldi í frístund. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt frístund.

Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur.

15. gr.

Upplýsingamiðlun og eftirlit.

Í reglum sveitarfélags skulu vera ákvæði um gagnkvæma upplýsingamiðlun til að tryggja að framkvæmd sé í senn skilvirk og í þágu þeirra markmiða sem þjónustunni er ætlað að ná. Upplýsingagjöf milli aðila getur verið útfærð með samkomulagi sveitarfélags, notanda þjónustunnar, stuðningsaðila, viðkomandi skóla og frístundaþjónustu. Með sama hætti skal kveða á um þagnarskyldu, þ.e. að stuðningsaðili undirgangist þagnarheit varðandi upplýsingar um notanda og fjölskylduhagi hans. Þagnarskyldan helst áfram eftir að þjónustu og/eða samningi lýkur.

16. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar taka gildi frá og með XXXXXXXX
Samþykkt í fjölskylduraði XXXXXXXX
Samþykkt í sveitarstjórn XXXXXXXX